

Kerhraunsfréttir

Sumarið 2004

Efni:

- Sumarhugleiðing - 1
- Grindarhlið o.fl - 1
- Vatnsmál - 1
- Hugmyndabanki - 2

Útgefnaði:

Guðrún Njálisdóttir
Björtuhlíð 29
270 Mosfellsbæ
Sími: 896-4437
gudrunmn@simnet.is

Sumarið er nú senn á enda og því alveg tilvalið að rifja upp það sem helst hefur gerst í Kerhrauninu sumarið 2004.

Eins og þið öll vitið þá var boðað til aðalfundar í maí sl. og vonaðist stjórnin eftir fjölmenni á fundinn þar sem boðaðar voru einhverjar breytingar frá því sem verið hefur. Það verður að segjast alveg eins og er að það gekk ekki eftir og er skýringin sjálfsagt sú að þeir sem mættu á fundinn eru flestir byrjaðir að gróðursetja og jafnvel byggja í sínu landi, en hinir sem eiga lóðir og jafnvel koma þangað sjaldan sáu ekki ástæðu til þess að mæta. Við erum eigendur landsins og allar ákvarðanatökur mjög mikilvægar sem teknar eru á aðalfundum enda sameiginlegar framkvæmdir sem okkur öllum ber að standa kostnað af. Þess vegna eru allir hvattir til þess að gefa sér tíma og mæta á næsta aðalfund og nýta atkvæðisrétt sinn, hitta fólk (Kerhraunara) og kynnst verðandi nágrönnum. Það er margt sem huga þarf að í framtíðinni fyrir Kerhraunið og við þurfum að forgangsraða verkefnunum svo að framkvæmdagjaldið verði ekki of hátt sem rukka þarf fyrir á ársgrundvelli. Verkefni eru m.a girðingarvinna, frágangur á sameignlegu svæði, leiktæki fyrir börnin, gróðursetning, moldar- og skítahaugar þar sem allir hafa aðgang að og svo einhverjar uppákomur eins og t.d. grill.

Liðsheildin eflist ef verið er með frá byrjun.

Grindarhlið og ofaníbúður

Um miðjan júlí hófust framkvæmdir við að skipta um grindarhliðið en það gaf sig endalega á síðasta ári og var þá búið að þjóna hlutverki sínu til margra ára enda rollurnar komnar í flokk með bestu balletdönsurum í heimi og því enginn söknuður að missa hliðið hvað þá rollurnar enda margir dauðþreyttir á að reka þær út af svæðinu þakktu af plöntum sem við vonuðumst efir að yrðu af trjám eða fallegum runna í framtíðinni. Smíði hliðsins er þó ekki lokið og á eftir að setja upp hlið sem í framtíðinni mun verða læst yfir veturinn og hver og einn eigandi mun hafa sinn eigin lykil. Síðan var efni ekið í veginn sitt hvoru megin við hliðið. Ekki hefur verið ákveðið hvort meira efni verður borið í veginn á þessu svæði í ár.

Þar með er úr sögunni, allavega í bili, að þurfa að hlaupa út og opna hliðið. Þeir sem sjá rollur inni á svæðinu ættu að reyna að koma þeim út fyrir og jafnvel líta á girðinguna umhverfis svæðið allavega á þeim bletti þar sem þeir eiga land.

Vatn og aftur vatn

Vatnsmál í Kerhrauni hafa verið í megnum ólestri. Nú kann að sjá fyrir endann á þeim vandamálum. Íslandsbanki hefur á fundi með aðilum sem málið varðar fengið loforð þeirra fyrir því að vatnsmál verði komin í fullkomið lag 15. september nk. Verði þá komnir þrýstimælar á lögnina og því hægt að mæla afkastagetu hennar nákvæmlega. Náið verður fylgst með þessu máli af hálfu stjórnar. Fulltrúi Íslandsbanka hefur fallist á þá skoðun okkar félags að ef mál komist ekki í lag fyrir 15. september sé eina lausnin að setja niður nýja lögn sem án efa er eina haldþæra lausnin til frambúðar.



Hugmyndabankinn

Á þessum vettvangi má koma á framfæri öllum þeim hugmyndum sem ykkur dettur í hug hvort sem þið viljið hrósa, kvarta, kaupa, selja, biðja um eitthvað eða bara senda eitthvað skemmtilegt efni sem þið hafið í fórum ykkar. Þar sem ég er með eina hugmynd þá datt mér í hug að þeir lóðareigendur sem hafa hugsað sér að reisa bústað á lóðinni sinni og þurfa væntanlega að taka grunn fyrir bústaðnum (*hér kem ég til sögunnar*) að vera nú svo væn að gefa mér tækifæri á að bjarga gróðri sem á annað borð á að taka í burtu og gróðursetja í gróðursnauða landinu mínu upp í hólnum. (*Til að allir geri sér grein fyrir hver ég er þá erum við hjónin upp í hólnum þar sem verið er að reisa kúluna og rækta líka.*) Með því stuðlið því að því að eignast reit sem ég mun nefna eftir ykkur t.d. Stefánshreiður. Látið heyra í ykkur (896-4437) eða sendið mér póst gudrunmn@simnet.is ef þetta kemur til greina og ég mæti á staðinn með græjurnar.



Hvaða lóðareigandi í Kerhrauninu er í landvinningum?

Svar:
Þráln Ingimundarson í nr. 52

Með bestu kveðju
Guðrún